

Til velferðarnefndar Alþingis.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar: Þingskjal 1251 – 723. mál, 150. löggjafarþing 2019-2020.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst fagnar umræddri tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna Covid-19-heimsfaraldursins. Sérstaklega fagnar Nemendafélagið þeirri tillögu að námsmönnum verði tryggður réttur til atvinnuleysisbóta frá 1. júní til 30. ágúst 2020.

Á allra síðustu árum hefur stuðningur LÍN við háskólakerfið í heild sinni dregist saman og hefur sjaldan ef aldrei verið jafnlítil, ef fyrri stuðningur er framreiknaður m.v. vísitölu neysluverðs (nánar tiltekið fram að meðaltali ársins 2018, og miða allar tölur í þessari umsögn við það). Veitt námslán pr. nemenda á háskólastigi voru 851 þúsund krónur árið 2013, en 380 þúsund krónur árið 2018. Veitt námslán til handa einstökum lánþegum hafa sömuleiðis dregist saman á undanförunum árum, þó upphæðirnar séu enn í takt við sögulegt samhengi – 1517 þúsund krónur að meðaltali á hvern lánþega árið 2013 og 1294 þúsund krónur á hvern lánþega árið 2017 (en á árunum 1988-2017 var hæsta meðaltalið á hvern lánþega 1532 þúsund árið 1991 og lægsta meðaltalið 1166 þúsund árið 1993).

Heildarveiting námslána hefur hriðfallið á undanförunum árum (úr 16,8 milljörðum árið 2013 á verðlagi þess árs (18,5 milljörðum á framreiknuðu verðlagi) og niður í tæplega 7,5 milljarða árið 2018), að hluta til vegna þess að hlutfall lánþega af heildarnemendafjölda á háskólastigi hefur sjaldan ef aldrei verið jafnlítið (hlutfall lánþega fór úr 56% árið 2013 niður í 36% árið 2017, en frá 1997-2015 voru lánþegar alltaf 50-60% af nemendum á háskólastigi). Á sama tíma kemur ýmislegt fram í EUROSTUDENT VI – könnun sem gerð var meðal háskólanema um mestalla Evrópu árið 2016 – sem ætti að gefa til kynna að fjöldi lánþega ætti að vera að aukast, ef eitthvað er, en ekki dragast saman.

Meðalstúdentinn á Íslandi eyðir meira en 15 klukkutímum á viku í launaða vinnu, sem er með því hæsta í Evrópu. Á Íslandi er sérstaklega mikill munur á launaðri vinnu stúdenta eftir því hvort þeir komi úr fjölskyldu með háskólabakgrunn eða ekki. Þeir sem koma úr fjölskyldum án háskólabakgrunns vinna að meðaltali meira en 5 tímum meira á viku en þeir sem koma úr fjölskyldum með háskólabakgrunn, sem er með mesta mun sem finnst í Evrópu.

Sérstaklega ætti þó að gefa því gaum að yfir 60% stúdenta hafa ekki efni á því að vera í háskóla ef þeir hefðu ekki atvinnutekjur, sem er líka með því hæsta í Evrópu.

Frítekjumark LÍN er í sjálfu sér einnig hvati fyrir námsmenn til að vinna ekki nema á sumrin, en frítekjumarkið (1330 þúsund krónur fyrir skatt) er ekki mikið yfir áætluðum tekjum meðalháskólanemans í þriggja mánaða sumarvinnu.

Í ljósi þess að stuðningur við námsmenn í gegnum LÍN hefur dregist saman, á sama tíma og námsmenn vinna almennt tiltölulega mikið, ætti að vera skýrt að námsmenn eru í viðkvæmri stöðu á þessum erfiðu tímum sem við nú lifum, og mun viðkvæmari stöðu en ef faraldurinn hefði komið upp fyrir nokkrum árum. Þannig eru tillögur um að námsmenn eigi rétt á atvinnuleysisbótum mjög skiljanlegar og í raun þarfar.

Virðingarfyllst, f.h. Nemendafélags Háskólans á Bifröst,

Bifröst, 1. maí 2020.

Leifur Finnbogason, formaður